

Elfa Hlín Pétursdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2005



Elfa Hlín Pétursdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2005



© Elfa Hlín Pétursdóttir 2005
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2005
Skýrslur Minjasafns Austurlands XVII
ISBN 9979-9576-5-4

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
OPNUNARTÍMI SAFNSINS	4
STARFSMANNAHALD	4
HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR	5
SAFNAKENNSLA	5
LIFANDI VETRARSTARFSEMI	6
<i>VETTLINGASAFN OG ULLARSÝNING</i>	6
<i>SÖNGVAKA OG SÝNINGIN “HÉR STÓÐ BÆR”</i>	7
<i>JÓLASÝNING</i>	7
<i>MYRKRAVAKA</i>	8
<i>BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI</i>	8
<i>PÁLsvaka</i>	8
LIFANDI SUMARSTARFSEMI	9
<i>ÞJÓÐHÁTTADAGAR</i>	9
<i>LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNA</i>	9
<i>17. JÚNÍ</i>	10
<i>ORMSTEITI – SAFNANÓTT</i>	10
ÝMIS STARFSEMI	11
<i>FARSKÓLI SAFNAMANNA</i>	11
<i>GEIRSSTAÐAKIRKJA</i>	11
<i>ÞÓRISÁRKUMLIÐ</i>	12
<i>GRUNNSÝNINGIN</i>	12
<i>RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR</i>	13
<i>SAFNASTEFNA</i>	13
<i>MIÐLUN</i>	13
FORNLEIFARANNSÓKN	14
GESTAFJÖLDI	16
STJÓRNARSTÖRF	16
SAFNAUKI	17
INNLAÁN – ÚTLÁN	17
STYRKIR	18
LOKAORD	18

INNANGUR

Starfsemi Minjasafns Austurlands var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2005. Ýmis konar lifandi starfsemi og uppákomur voru tíðar og var aðsókn að þeim góð. Nokkrar minni sýningar voru settar upp og tengsl við samfélagið styrkt. Þó er ljóst að þarna er aðeins um lítinn hluta af starfsemi safns að ræða. Þetta er toppurinn á ísjakanum, sá hluti starfseminnar sem er sjáanlegur þeim sem standa utan safnsins.

Hlutverk minjasafna er að safna, skrá og varðveita menningarminjar, rannsaka þær og miðla þeim. Þó miðlunin (sá hluti starfseminnar sem er sýnilegur almenningi) sé mikilvægur á það ekki síður við um hina þættina sem oftast eru minna áberandi. Minjasafn Austurlands býr yfir ríkulegum safnkosti sem er afar verðmætur. Safnkosturinn er að mörgu leyti vel skráður og aðgengilegur en þó þarf að gera betur.

Árið 2005 var unnið að því að færa munaskrá safnsins yfir í menningarsögulega gagnagrunninn *Sarp* sem mörg söfn á landsvísu hafa gerst aðilar að. Sú vinna reyndist taka meiri tíma en gert var ráð fyrir og er henni ekki lokið. Árið 2005 voru þó stór skref tekin í átt til þess að koma munaskrá safnsins að fullu í *Sarp*. Með honum, og með þátttöku flestra safna í landinu, verður hægt að hafa mun meiri yfirsýn yfir gripi í söfnum landsins. Þannig má sjá hverju kann að vera ofaukið eða hvort ákveðna gripi skortir hjá söfnum landsins. Í framtíðinni er fyrirhugað að *Sarpur* verði aðgengilegur almenningi og mun aðgengi að menningararfi okkar þá taka stórt skref fram á við. Ljóst er að flutningur munaskrár Minjasafns Austurlands yfir í *Sarp* mun ekki vera að fullu lokið fyrr en á árinu 2007.


OPNUNARTÍMI SAFNSINS

Sýningar Minjasafns Austurlands voru opnar frá kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga yfir vetrartímann, auk þess sem skrifstofa safnsins og móttaka gripa voru opnar á hefðbundnum skrifstofutíma. Um sumarið (1. júní til 31. ágúst) voru sýningar safnsins opnar á milli kl. 11.00 og 17.00 alla daga vikunnar.

STARFSMANNAHALD

Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri, fór í fæðingarorlof í ársbyrjun 2005 og leysti Elfa Hlín Pétursdóttir hana af. Anna Valgerður Hjaltadóttir var í hálfu starfi sem safnvörður. Lára Guðlaug Jónasdóttir vann yfir sumarmánuðina í sérverkefni við að færa munaskrá Minjasafnsins yfir í menningarlega gagnagrunninn *Sarp*. Hulda Þráinsdóttir annaðist móttöku safngesta yfir sumarmánuðina. Þær Lára og Hulda sinntu einnig ýmsum verkefnum öðrum.

HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR



Kostnaður við rekstur fasteignar var hærri en síðustu ár, kr. 2.971.575,-. Ástæða þessa er sú að viðhaldskostnaður jókst, einkum vegna þess að ráðist var í að mála Safnahúsið að utan.

Eins og margoft hefur verið rætt þá er byggingu Safnahússins ekki lokið og er það farið að hamla starfsseminni. Plássleysi setur safninu skorður bæði hvað varðar sýningar og uppákomur ýmis konar, en þó einkum þegar litið er til geymslumála. Er staðan sú að þótt að mikill hluti safnmuna sé í viðeigandi geymsluhúsnæði þá er það ekki svo í öllum tilfellum. Hluti safnkostsins er á vergangi eins og sjá á myndum hér fyrir neðan sem teknar eru af safngripum sem geymdir eru í ófullnægjandi geymsluhúsnæði í Fellunum og ljóst er að munirnir liggja undir skemmdum ef ekki verður úr þessu bætt hið fyrsta.



Geymslumál safnsins mættu vera í betra lagi eins og þessar myndir bera með sér.

SAFNKENNSLA



Nemendur í Egilsstaðaskóla í „kirkjunni“.

Fræðsla er eitt meginhlutverk safna og mjög mikilvægur þáttur í starfsemi þeirra. Söfnin hafa möguleika á að fræða og mennta á annan hátt en margar aðrar menntastofnanir. Mikilvægt er að samstarf Minjasafnsins við skóla (á öllum stigum) á Austurlandi sé náið og gott. Þannig getur safnið auðgað líf nemenda og lagt sitt af mörkum til að bæta menntun.

Árið 2005 komu á þriðjahundrað gestir á Minjasafn Austurlands í skipulögðum skólaheimsóknum. Sú tala mætti hækka til muna en til að svo verði er mikilvægt að safnfræðsla Minjasafnsins verði þróuð frá grunni í samstarfi við skólana með hliðsjón bæði af aðalnámsskrá og námsefni. Þannig yrðu skólaheimsóknir gerðar markvissari og í raun ánægjulegri.



Margt þarf að skoða og skrá.

LIFANDI VETRARSTARFSEMI

Stór hluti af starfsemi safna er að taka þátt í og standa fyrir ýmis konar menningartengdum uppákomum. Söfnin í Safnahúsinu á Egilsstöðum hafa í gegnum tíðina unnið saman að þessu og er það mjög jákvætt. Eftirfarandi upptalning er því ekki eingöngu til marks um slíka starfsemi á vegum Minjasafns Austurlands heldur einnig hjá Bókasafni Héraðsbúa og Héraðsskjalasafni Austfirðinga.

VETTLINGASAFN OG ULLARSÝNING

Þann 20. febrúar var opnuð í skápnum við Bókasafnið sýning á vettlingasafni Helgu Hansdóttur frá Hellu. Um leið var sett upp í anddyri á miðhæð lítill sýning um þrjónles þar sem reynt var að sýna mun á handþrjónuðum og vélþrjónuðum flíkum. Aðsókn var góð að þessum sýningum.



*Gestir eru á öllum aldri og skemmta sér oft hið besta.
Kristján Már Jónsson og Sigríður Tinna Bjarnadóttir frá Akranesi.*

SÖNGVAKA OG SÝNINGIN “HÉR STÓÐ BÆR”



Ljósmyndasýningin “Hér stóð bær” var líklegt að teknar væru á Austurlandi. Ljósmyndasafn Austurlands hafði milligöngu um að fá myndirnar lánaðar en þær voru hafðar til sýnis á jarðhæð Safnahússins. Sköpuðust oft skemmtilegar umræður og vangaveltur tengdar myndunum meðan sýningin var uppi. Hún var opnuð þann 5. maí og stóð fram á haust. Við opnunina var jafnframt haldin söngvaka þar sem þau Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og Hjörleifur Hjartarson sungu íslensk þjóðlög við góðar undirtektir viðstaddra, en góð aðsókn var að opnuninni og stemmningin hin prýðilegasta.

Þjóðminjasafn Íslands opnaði ljósmyndasýningu þann 15. janúar 2005 á myndum úr myndasafni sínu. Myndirnar voru af íslenskum sveitabæjum og áttu það sammerkt að upplýsingar skorti um af hvaða bæ myndin var. Voru gestir beðnir um hjálp við að bera kennsl á bæina. Vakti þessi sýning almenna ánægju gesta og í framhaldi af sýningunni á Þjóðminjasafninu fékk Minjasafnið hluta myndanna að láni. Um var að ræða 28 myndir sem talið

var líklegt að teknar væru á Austurlandi. Ljósmyndasafn



Þröngt mega sátir sitja.

JÓLASÝNING



Í anddyri á miðhæð Safnahússins var í desember uppi lítil sýning þar sem reynt var að endurskapa jólastemningu í stofu íslensk alþýðuheimilis um miðja 20. öldina. Setti sú sýning skemmtilegan svip á anddyrið og stöldruðu margir þar við í erli dagsins, einkum gestir er leið áttu á bókasafnið.



MYRKRAVAKA


Þann 17. nóvember, í tilefni af *Dögum myrks*, var haldin *Myrkravaka* í Safnahúsinu. Að vökunni stóðu auk Minjasafnsins, Bókasafn Héraðsbúa og Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Dagskrá *Myrkravökunar* fór fram í sýningarsal Minjasafnsins, á miðhæð safnahússins, og var hún helguð ýmsum þekktum austfirskum myrkarverum og óvættum. Auk upplestra komu tveir söngnemendur úr tónlistarskólanum ásamt kennurum sínum fram á Myrkravökunni og fluttu tónlist. Á þriðja tug gesta mættu og var góður rómur gerður að dagskránni.

Auk Myrkravöku var í anddyri safnsins, á jarðhæð, opin sýningin *Við Heiða- og Fjallamenn* sem sett var upp í tilefni af Norræna skjaladeginum, 12. nóvember. Að þessu sinni var þema skjaladagsins „identitet” og var leitast við að tengja einstaklinginn við umhverfi sitt í sem víðustum skilningi. Á sýningunni, sem sett var upp með safnmunum bæði frá Héraðsskjalasafni sem og Minjasafninu, mátti sjá skjöl, ljósmyndir, muni og listaverk sem tengjast byggð á Jökulsdalsheiði og í Möðrudal.

BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI

Hin árlega bókavaka var haldin þann 2. desember. Eins og siður er voru austfirskir höfundar og útgáfur settar í öndvegi og gildi einu hvort um fræðibækur, skáldrit eða annarskonar rit var að ræða.

PÁLSSVAKA



Páll Ólafsson, skáld.



„Ó blessuð vertu sumarsól”

Í tilefni af 150 ára ártíð Páls Ólafssonar skálds var þann 30. desember efnt til stuttrar dagskrár honum til heiðurs. Skipulagningu önnuðust nokkrir aðilar frá Gunnarsstofnun og Leikfélagi Fljótsdalshérað auk safnanna þriggja sem staðsett eru í Safnahúsinu. Á Pálsvökunni komu fram þau Arndís Þorvaldsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Jóhann Gunnarsson, Sigurjón Bjarnason, Ásmundur Þórhallsson, Krístrún Jónsdóttir, Fanney Vigfúsdóttir, Katrín Huld Káradóttir og Gréta Sigurjónsdóttir. Fór *Pálsvakan* fram í sýningarsal Minjasafnsins, sem á þessum tíma var að mestu búið að tæma þar sem vinna var þá hafin við nýja grunnsýningu sem opnuð skyldi á vormánuðum 2006. Var því unnt að stilla upp sætum fyrir mikinn fólksfjölda og veitti ekki af því, aðsókn fór fram úr björtustu vonum og þótti dagskráin takast mjög vel. Úr dagskrá *Pálsvökunnar* urðu síðan til útvarpsþættir sem Arndís Þorvaldsdóttir hafði veg og vanda af.

LIFANDI SUMARSTARFSEMI

ÞJÓÐHÁTTADAGAR

Þjóðháttadagar Minjasafns Austurlands hafa unnið sér verðugan sess í hugum margra. Á þjóðháttadögum sýnir hæfileikafólk handverk sitt og forna hætti og leyfir gestum að kynnast vinnu sinni. Sumarið 2005 voru þjóðháttadagarnir tvisvar í mánuði, annan hvern laugardag. Fjöldi gesta var mjög mismunandi og greinilegt var að sú breyting að bjóða upp á þessi örnámskeið á laugardögum hafði ekki tilætluð áhrif, sem voru þau að auka þátttöku og aðsókn.

Eftirfarandi námskeið mynduðu þjóðháttadaga sumarsins 2005

- ♦ **11. júní – Jurtalitun.** Ane Mörkve Kortner, kennari við Hússtjórnarskólann á Hallormsstað, sýndi handtök við ullarlitun með íslenskum jurtum og gafst gestum kostur á að lita sitt eigið ullarband.
- ♦ **25. júní – Íslenskur útsaumur.** Ríkey Kristjánsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir fjölluðu um íslenskan útsaum og kenndu helstu spor. Handverksdagurinn 2005 var haldinn víðsvegar um land þennan dag. Tilgangur hans er sá að handverks- og listiðnaðarfólk opni vinnustofur sínar og/eða sölustaði og bjóði gestum og gangandi að koma og kynnast vinnsluferli handunninna verka.
- ♦ **9. júlí – Þjóðdansar.** Félagar úr Þjóðdansafélaginu Fiðrildunum buðu upp í dans.
- ♦ **23. júlí – Fjallagrasaferð.** Farið var til grasa í Fagradal undir leiðsögn Arndísar Þorvaldsdóttur. Eiginleikar, hollusta og lækningamáttur fjallagrasanna var kynntur og uppskriftum dreift.
- ♦ **6. ágúst – Íslenskur útsaumur.** Ríkey Kristjánsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir fjölluðu um íslenskan útsaum og kenndu helstu spor.



Jurtalitun sýnd ábugasömum gestum.



Íslenskur útsaumur og handverk.

LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNA

Sagnfræðingafélag Íslands og Félag þjóðfræðinga á Íslandi halda árlega fræðaráðstefnu á landsbyggðinni í samstarfi við heimamenn á hverjum stað. Árið 2005 urðu Eiðar fyrir valinu og var Minjasafn Austurlands í samstarfi við fyrrnefnd félög varðandi framkvæmd ráðstefnunnar. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var *Erlend ábrif á Íslandi – Austurland í brennidepli* og var hún haldin dagana 3. – 5. júní. Fyrirlestrar voru 21 talsins sem dreifðust á sex málstofur. Var um góða blöndu af fræðimennsku og skemmtun að ræða.



Eggert Þór greinir frá rannsóknum sínum á sýningum og miðlunarmöguleikum safna með Austurland í forgrunni.

Á sunnudeginum komu ráðstefnugestir í heimsókn á Minjasafnið. Þeir skoðuðu safnið og hlýddu á erindi Eggerts Þórs Bernharðssonar, „Sögusýningar og söguslóðir“. Einnig var farið á Seyðisfjörð og í Skriðuklaustur, auk þess sem Végarður og Kárahnjúkar voru heimsóttir.

17. JÚNÍ



Hulda uppábiúin á þjóðhátíðadeginum.

Ekki var nein sérstök dagskrá á þjóðhátíðadegi Íslendinga þetta árið. En í tilefni dagsins klæddi starfsfólk safnsins sig upp að gömlum sið og var aðgangur ókeypis.

ORMSTEITI – SAFNANÓTT

Föstudagskvöldið 19. ágúst var Safnahúsið opið frá kl. 22:00 og fram yfir miðnætti. Byrjaði dagskráin með því að seiðkona (Hildur Eðvalía Unnarsdóttir) bruggaði seið á hvalbakinu framan við Safnahúsið og leiddi svo fólk í húsið. Þar komu fram þeir Sigurður Ingólfsson og Rúnar Snær Reynisson sem lásu úr eigin verkum. Unnar Geir Unnarsson las úr Vestfirskum þjóðsögum. Þá leiklásu þau Ágúst Ólafsson, Eymundur Magnússon og Krístrún Jónsdóttir hluta úr verkinu *Táp og fjör* eftir Jónas Árnason.

ÝMIS STARFSEMI

FARSKÓLI SAFNAMANNA



Sautjándi farskóli íslenskra safna og safnmanna var haldinn á Siglufirði dagana 21.–23. september og bar yfirskriftina *Framtíð safna – hvert stefnum við?* Þær Elfa Hlín Pétursdóttir, safnstjóri og Anna Valgerður Hjaltadóttir, safnvörður, fóru norður og tóku þátt í markvissum og fræðandi farskóla. Elfa Hlín tók þátt í hópastarfi er fjallaði um sýningar og sýningagerð á söfnum, en Anna Valgerður var í hópi sem tók á þáttum er tengjast söfnun og varðveislu.



Í starfi safnmanna, sem oft á tíðum einkennist af fámennum vinnustöðum og einyrkjastarfi, er mikilvægi þess ótvírætt að hitta reglulega aðra sem starfa á sama sviði og ræða þau mörgu og fjölbreyttu málefni sem tengjast safnastarfi. Skýrslu farskólanefndar má finna á: <http://safnmenn.is/portals/0/skjol/Farskoli/Skyrsla%20Farskola%20FISOS%202005.pdf>.

GEIRSSTAÐAKIRKJA

Tilgátuhúsið Geirsstaðakirkja er í eigu og umsjá Minjasafns Austurlands. Kirkjan er í landi Litla-Bakka í Hróarstungu og heimsækir fjöldi manns hana árlega. Tími var kominn á töluvert viðhald á kirkjunni. Hleðslur burðarveggja höfðu sigið og sperrur aflagast af þeim sökum. Til að laga það og fyrirbyggja að þetta endurtæki sig var bætt við sperrum til hliðar við þær sem fyrir voru. Guðjón Kristinsson, skrúðgarðameistari, vann þetta verk en hann tók einnig þátt í byggingu kirkjunnar á sínum tíma.



Geirsstaðakirkja í vetrarskrúða

Torf á hluta kirkjuþaksins hefur enn ekki náð að dafna og er það vandamál enn óleyst.

ÞÓRISÁRKUMLIÐ

Sumarið 1995 var grafið í landi Eyrarteigs í Skriðdal og kom þar í ljós ríkulegt kuml. Í því voru bein af karlmanni, líklega 35 ára gömlum, og hesti, auk margra muna, m.a. sverðs, spjóts, örvarodds, axar, grýtu, sprota, myntar og rafperlna. Var búið um bein og muni í sérsmiðuðum skáp á grunnsýningu Minjasafns Austurlands og vakti Þórisárkumlið, eins og það var kallað, ávallt mikla athygli gesta. Því miður reyndust aðstæður í skápnum sem geymdi kumlið þannig að bein og aðrir munir skemmdust töluvert á þeim tíu árum sem þeir voru hafðir til sýnis. Gripirnir voru fengnir að láni frá Þjóðminjasafni Íslands og þegar ljóst var að ekki var lengur forsvaranlegt að hafa kumlið til sýnis var ákveðið að taka það niður. Karen Þóra Sigurkarlsdóttir, forvörður hjá Þjóðminjasafni Íslands, kom og pakkaði niður gripunum og flutti þá til Reykjavíkur.



Haugbúinn úr Skriðdal farinn suður og mikið verk fyrir höndum að taka niður sýningarskápin sem hann hafði hvílt í síðustu 9 ár. Lára, Hulda, Helgi Örn Pétursson og Elfa Hlín.

GRUNNSÝNINGIN



Starfsmenn safnsins sinna margbreytilegum verkefnum. Anna Gerður og Hulda hjálpast við að skipta um ljósaperur í kastörum.

Þórisárkumlið var umfangsmikið og má segja að það hafi myndað miðpunkt þeirrar grunnsýningar sem staðið hafði í sýningarsal Minjasafnsins frá opnun þess. Þó sú sýning hafi með árunum tekið nokkrum breytingum varð brotthvarf kumlsins til að gera enn ljósari þörfina fyrir að setja upp nýja grunnsýningu. Því var tekin ákvörðun um að endurnýja og setja upp nýja grunnsýningu, sem skyldi opna á vormánuðum 2006. Björn G. Björnsson var ráðinn sýningarhönnuður og handritsgerð var sett af stað. Auk starfsfólks safnsins komu þau Jón Ingi Sigurbjörnsson, Unnur Sveinsdóttir, Arndís Þorvaldsdóttir og Hrafnkell A. Jónsson að hugmyndavinnu varðandi efni, handrit og gerð sýningarinnar.

RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR

Starfsmenn minjasafnsins sóttu nokkuð af fundum, málþingum og námskeiðum á árinu. Hér gefur að líta lista yfir þau helstu (listinn er þó ekki tæmandi):

- ♦ 29. janúar – Málþing til kynningar á fornleifauppgröftum á Íslandi sem höfðu staðið yfir árið 2004. Haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Safnstjóri sótti málþingið.
- ♦ 7.–9. mars – Safnstjóri og safnvörður fóru í námsferð til Reykjavíkur og heimsóttu bæði Þjóðminjasafnið sem og Árbæjarsafn. Voru móttökur góðar á báðum stöðum og var ferðin mjög gagnleg og fræðandi.
- ♦ 10.–11. mars – Námskeið FÍSOS og Endurmenntunar Háskóla Íslands um safnfræðslu.
- ♦ 8. apríl – *Er framtíð í fortíðinni?* Málþing á Seyðisfirði.
- ♦ 29. ágúst – 1. september – Fundað með Birni G. Björnssyni sýningarhönnuði. Vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á grunnsýningu minjasafnsins. Einnig var farið í heimsóknir á eftirtalin söfn og sýningar: Saltfisksetrið í Grindavík, Sögusetrið á Hvolsvelli, Skógasafn og Jöklasýninguna á Höfn.
- ♦ 20. október – Fundur í Þjóðminjasafni vegna nýju grunnsýningarinnar.
- ♦ 21. október – Málþing Safnaráðs um menntunarhlutverk safna.

SAFNASTEFNA

Á árinu var samin og samþykkt nokkuð ítarleg safnastefna fyrir Minjasafn Austurlands. Hún skiptist í þrjá hluta: söfnunarstefnu, sýningarstefnu og fræðlustefnu.

- Söfnunarstefnan fjallar um söfnunarsvæði safnsins sem og hvaða munum það skuli safna. Einnig er rakið í söfnunarstefnunni hvernig safngripir skuli meðhöndlaðir, skráðir og varðveittir.
- Sýningarstefnan fjallar um hvað skuli sýna, hvernig miðlun sé háttað og hversu oft eða lengi.
- Fræðlustefnan er nauðsynlegt tæki til að byggja upp öfluga safnfræðslu fyrir öll skólastig. En hún snýr einnig að öðrum sem áhuga hafa á að fræðast og nýta sér Minjasafn Austurlands í þeim tilgangi.

Safnastefna sem þessi er mjög mikilvæg til að byggja upp faglegt og markvisst starf á safninu. Miklu skiptir þó að safnastefnan sé endurskoðuð reglulega með tilliti til breyttra aðstæðna og tíðaranda.

MÍÐLUN

Heimasíða Minjasafns Austurlands er <http://www.minjasafn.is>. Hún var opnuð formlega árið 2001. Vegna örrar tækniþróunar er staða heimasíðunnar sú að hún er í raun orðin úrelt og þjónar ekki lengur tilgangi sínum. Þrátt fyrir það er leitast við að setja inn tilkynningar reglulega varðandi starfsemi safnsins sem og skýrslur og fundargerðir.

Minjasafnið auglýsir starfssemi sína á margvíslegan hátt, m.a. með hefðbundnum auglýsingum í blöðum, kynningarritum og í útvarpi. Athygli fjölmiðla er vakin á uppákomum á vegum safnsins og leitað er eftir því að þær fái umfjöllun í hinum ýmsu miðlum. Gott viðmót við gesti og gangandi er þó, og verður ávallt, sú besta auglýsing sem safnið getur fengið.

FORNLEIFARANNSÓKN

FRAMVINDA RANNSÓKNA Á SKRIÐUKLAUSTRI 2005

e. Steinunni Kristjánsdóttur

Árið 2005 var fjórða ár fornleifarannsóknna á rústum Skriðuklausturs. Grafið hefur verið í rústinum í tvo mánuði á sumri hverju frá upphafi rannsókna þar árið 2002 og hefur árangur í heild verið mjög góður. Skriðuklaustursrannsóknir¹ fengu úthlutað 7,2 milljónum króna úr Kristnihátíðarsjóði til rannsókna árið 2005. Auk þess fékk verkefnið úthlutað framlögum og styrkjum til sérverkefna úr ýmsum sjóðum. Framlöggin voru þessi:

- 1) 1,4 milljónir króna frá Culture áætlun Evrópusambandsins til frágangs á uppgriftarsvæðinu á Skriðu.
- 2) Ein milljón króna úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins til þess að greiða ferða- og uppihaldskostnað átta breskra fornleifafræðinga vegna starfa þeirra í níu vikur við uppgröftinn.
- 3) Ein milljón króna úr ríkissjóði til almenns reksturs uppgriftar.
- 4) Ein milljón króna úr RANNÍS til greiningar frjókorna.
- 5) 400 þúsund krónur frá Menningarráði Austurlands vegna leiðsagnar gesta um uppgriftarsvæði og söfnunar efnis til heimildamyndagerðar.
- 6) 220 þúsund krónur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna vegna greininga á leirkerjum frá Skriðuklaustri.

Auk þessa voru fjórar gerðir póstkorta, með myndefni úr uppgræftri, prentaðar og seldar sem minjagripir við uppgröftinn. Hagnaður af sölu kortanna nam tæpum 50 þúsund krónum en þau seldust upp á rúmum mánuði. Samstarfsaðilar rannsóknarinnar árið 2005 voru Gunnarsstofnun, Þjóðminjasafn Íslands, Héraðsskógar, Landvirkjun, IVAISA, auk Minjasafns Austurlands.

Uppgröftur hófst þann 20. júní og stóð til 19. ágúst. Starfsmenn uppgræftrarins voru sautján með verkefnisstjóra sem stýrði uppgræftri, auk fimm sérfræðinga, sem enn vinna sumir að greiningum af ýmsu tagi. Starfstími þeirra var mislangur, allt frá tveimur vikum upp í nokkra mánuði. Við gerð framkvæmdaáætlunar fyrir sumarið 2005 var gengið út frá því að þetta sumar yrði það næst síðasta við rannsóknir á Skriðuklaustri að þessu sinni og var þá tekið mið af starfslokum Kristnihátíðarsjóðs um áramótin 2006/2007. Stefnt var að því að ljúka við opin svæði og að ný svæði yrðu opnuð þar sem útjaðar klausturrústanna að líkindum er. Unnið var sem fyrr við uppgröft alla virka daga og að venju unnu starfsmenn uppgræftrarins við pökkun og frágang á gripum þegar illa viðraði til útivinnu.

Framkvæmdaáæltun þessi stóðst og eru klausturhúsin og kirkjan farin að fá á sig heildstæða mynd sem samstæð húsabyrping með klausturgarði fyrir miðju. Samtals fundust 2515 gripir sumarið 2005 og hafa þeir allir verið skráðir og forvarðir. Greiningar voru gerðar á leirkerjum, frjókornum, kolefnisaldri, mannabeinum og dýrabeinum en 17 grafir voru opnaðar sumarið 2005.

¹ Stjórn félagsins Skriðuklaustursrannsókna (SKR) sem stofnað var haustið 2001 hefur yfirumsjón með fornleifarannsókninni á klaustrinu, annast framkvæmd hennar og sér um að kynna almenningi. Í stjórn þess sitja Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður, tilnefndur af Gunnarsstofnun (stjórnarformaður), Rannveig Þórhallsdóttir safnstjóri, tilnefnd af Minjasafni Austurlands (ritari), Hrefna Róbertsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, sr. Jóhanna Ingimarsdóttir prófastur, tilnefnd af Biskupsstofu og Erna Indriðadóttir upplýsingafulltrúi Alcoa á Austurlandi, án tilnefningar (gjaldkeri). Höfundur þessarar skýrslu er framkvæmdastjóri félagsins og verkstjóri rannsókna.


Rústir klaustursins hafa verið langtum stærri og meiri að umfangi og veglegri að smíðum en áður var talið og hlutverk þess fjölþættara. Í ljós hefur komið að grunnform bygginga Skriðuklausturs hefur jafnframt verið það sama og önnur samtíða klaustur í Evrópu höfðu. Byggingalag íslenskra klaustra hefur til þessa verið umdeilt, einkum vegna skorts á heimildum um þau. Jafnvel hefur verið talið að íslensk klaustur hafi haft séríslenskt útlit vegna byggingarefnisins sem var torf, grjót og rekaviður.

Ljóst er nú að aðgengilegt byggingarefni hafði ekki afgerandi áhrif á byggingarlag klaustra, heldur var reglum kaþólsku kirkjunnar fylgt í hvívetna við byggingu Skriðuklausturs. Það var rekið í ferningslaga byggingu sem samanstóð af klausturhúsum og klausturkirkju, byggð í kringum klausturgarð. Í klausturgarðinum var brunnur en þar var einnig jarðað og í þeim rýmum sem lágu næst garðinum. Klausturgarðar teljast til séreinkenna klaustra, auk klausturhúsa og klausturkirkju. Í öðrum samtíða evrópskum klaustum voru þeir yfirleitt fjölnota og taldir brúa bilið milli lífs og dauða. Í þeim fór ræktun mat- og lækningajurta fram, þar var jarðað og vatn sótt. Garðurinn í Skriðuklaustri virðist hafa þjónað sama hlutverki og garðar í öðrum samtíða kaþólskum klaustum.

Að loknum uppgreftri sumarið 2005 var grunnform Skriðuklausturs að hluta endurgert (sjá mynd). Að endurgerðinni vann tíu manna hópur frá fjórum löndum Evrópu fyrir fjárframlagið úr Culture 2000 áætlun ESB. Verkið var unnið í samráði við Fornleifavernd ríkisins. Endurgerðin miðast við að gestir rannsóknarsvæðisins geti nú gengið um þann hluta rústa klaustursins sem grafinn hefur verið fram en gestir sem sækja staðinn heim sumar hvert skipta þúsundum.



GESTAFJÖLDI



Gestum minjasafnsins fjölgaði nokkuð frá fyrra ári, en betur má ef duga skal. Nýrri grunnsýningu sem áætlað er að opni vorið 2006 er ætlað að höfða til margra og draga að fleiri gesti. Stór hluti gesta safnsins hefur sótt það heim í tengslum við ýmsar menningartengdar upptökur í Safnahúsinu. Er það ánægjulegt hve fastur og traustur kjarni heimamanna mætir jafnan á slíkar upptökur. Markmið safnsins ætti að vera að sem stærstur hluti þess mikla fjölda ferðamanna, erlendra sem íslenskra, sem fer í gegnum Egilsstaði á ári hverju komi við og heimsæki safnið. Hugsanlega þarf að endurskoða opnunartíma safnsins yfir sumarmánuðina til að mæta þörfum ferðamanna.

STJÓRNARSTÖRF

Stjórn Minjasafns Austurlands árið 2005 skipuðu fulltrúar sveitarfélaganna þriggja sem standa að safninu. Fyrir Borgarfjarðarhrepp sat Kristjana Björnsdóttir í stjórn, varamaður hennar var Björn Aðalsteinsson. Fyrir Fljótshálsdalshérað voru stjórnarmenn þau Þórey Hannesdóttir (formaður), Ásmundur Þórarinnsson og Þráinn Sigvaldason, en varamenn þau Sigríður Sigmundsdóttir og Þorsteinn Gústafsson. Fyrir Fljótshálsdalshrepp sat Hákon Aðalsteinsson í stjórn og varamaður hans var Gunnar Jónsson.

Haldnir voru sex stjórnarfundir á árinu auk aðalfundar. Margt var rætt þó svo að umræður um fjármál safnsins taki ávallt drýgstan tíma. Meðal helstu verka stjórnar á árinu 2005 var að taka ákvörðun um að setja upp nýja grunnsýningu og að samþykkja safnastefna minjasafnsins.

SAFNAUKI

Á árinu bárust safninu að gjöf rúmlega þrjú hundruð munir frá ýmsum aðilum. Hér á eftir er listi yfir gefendur og eru þeim jafnframt færðar þakkir fyrir gjafirnar.

1. Agnes Helgadóttir
2. Anna Ragnheiður Gunnarsdóttir
3. Anna Guðný Halldórsdóttir
4. Árni Bjarnason
5. Ásta Hanna Gunnsteinsdóttir
6. Bergsteinn Brynjólfsson
7. Brynjólfur Bergsteinsson
8. Fyrrum félagar í JC á Héraði
9. Guðlaug Ingvarsdóttir
10. Guðrún Ása Magnúsdóttir
11. Guðrún H. Guðbrandsdóttir
12. Gyða Vigfúsdóttir
13. Hallgrímur Helgason
14. Herbjörn Þórðarson
15. Hrafnhildur Einarsdóttir
16. Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað
17. Ingi Guðjónsson
18. Ingibjörg Ingadóttir
19. Ingibjörg Kristín Jóhannsdóttir
20. Kaupfélag Héraðsbúa
21. María Eyþórsdóttir
22. Málfríður Benediktsdóttir
23. Ólöf Sölvadóttir
24. Sigríður Jónsdóttir
25. Sigrún Hrafnisdóttir
26. Sigrún Steinsdóttir
27. Sigurður Blöndal
28. Stefán Jóhannsson
29. Stefán Jónsson
30. Stefán Snædal Bragason
31. Þórdís Jóhannsdóttir

INNLAN – ÚTLÁN

Gripir voru lánaðir til ýmissa aðila á árinu, þar á meðal tvö málverk á sýningu á Skriðuklaustri. Leikskólinn á Eskifirði fékk lánaða ýmsa muni er tengdust matvælavinnslu á fyrri tíð og Sigrún Benediktsdóttir fékk lánaða nokkra muni vegna Möðruvalladaga í ágúst.

STYRKIR

Á árinu fengust, auk framlaga sveitarfélaganna þriggja sem að safninu standa, styrkir frá Safnasjóði. Annars vegar fékkst rekstrarstyrkur að upphæð 1.200.000 kr. og hins vegar fékkst 500.000 kr. styrkur vegna yfirfærslu munaskrár Minjasafnsins yfir í menningarsögulega gagnagrunninn *Sarp*. Menningarráð Austurlands styrkti Landsbyggðarráðstefnu sagnfræðinga og þjóðfræðinga á Eiðum um 250.000 kr. Auk þess greiddi Menningarráðið 100.000 kr. sem var lokagreiðsla styrks frá fyrra ári vegna samstarfsverkefnis Minjasafns Austurlands og Menntaskólans á Egilsstöðum.

LOKAORÐ

Viss tímamót voru á árinu og sú ákvörðun að breyta um grunnsýningu átti þar drýgstan þátt. Aðsókn batnaði aðeins milli ára en mætti vera mun meiri. Þó var ánægjulegt hve margar upptökur safnanna í Safnahúsinu mæltust vel fyrir og voru vel sóttar. Minjasafnið er eign skattborgaranna og ættu þeir ætíð að upplífa sig velkomna þangað, í hvaða erindum sem er.

Skráningu og varðveislu miðaði ágætlega áfram með flutningi yfir í *Sarp*. En af lögbundnum skyldum safna hefur Minjasafn Austurlands vegna takmarkaðs fjármagns og lágmarks mannahaldi ekki haft tök á að uppfylla nema hluta þeirra. Sérstaklega hafa rannsóknir sem og markviss söfnun muna og minja verið látin mæta afgangi. En Minjasafn Austurlands er ekkert einsdæmi meðal sambærilegra safna á landinu hvað þetta varðar og er safnafólk sífellt að leita að leiðum til að ná á faglegan hátt að sinna sínum skyldum. Skyldum sem bæði eru bundnar í lög, en eru ekki síður samfélagslegar. Minjasafn er afar mikilvægt tæki til að viðhalda, endurskoða og móta sjálfsmynd einstaklinga. Bæði heimamanna sem og gesta sem heimsækja sýningar þess, gefa því muni eða á annan hátt tengjast safnastarfinu.